Áhersla á staðnám á fyrsta ári í kennaranámi við Menntavísindasvið HÍ: Námssamfélag á nýjum stað

Svava Pétursdóttir, Elsa Eiríksdóttir, Védís Grönvold og Karen Rut Gísladóttir

Undanfarin ár hefur sveigjanlegt námsform, þar sem mörk milli staðnáms og fjarnáms eru óljós, orðið ríkjandi í grunnnámi kennara við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þessi sveigjanleiki eykur aðgengi að námi en getur um leið orðið til þess að veikja námssamfélag nemenda, tengsl þeirra við kennara og tækifæri til verklegrar þjálfunar. Mikilvægt er að kennaranemar fái þjálfun í samvinnu og í því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum en hvoru tveggja er kjarninn í starfi kennara. Til að efla staðnám kennaranema var ákveðið að ýta úr vör þróunarverkefni sem miðar að því að fá nemendur á fyrsta ári í kennaranámi til að mæta reglulega í endurnýjað húsnæði Menntavísindasviðs í Sögu og mynda námssamfélag sem aukið gæti helgun í námi og veitt styðjandi námssamfélag. Þróunarverkefnið hefur frá upphafi verið unnið í samráði við kennara á vinnufundum og deildarfundum þar sem tekist hefur verið á um gildi, hagsmuni og hagnýta útfærslu. Meginmarkmiðin voru að efla námssamfélag og helgun nemenda og að auka fyrirsjáanleika í skipulagi námsins. Kennarar voru jákvæðir í garð breytinganna en lýstu einnig áhyggjum af áhrifum á aðsókn, minni sveigjanleika og auknu álagi á kennara og hugsanlega neikvæðum áhrifum á gæði fjarnámsins. Niðurstaðan var að nemendur á fyrsta ári yrðu skráðir sem staðnemar haustið 2026 en þeir gátu sótt sérstaklega um að vera í fjarnámi og voru þá beðnir að gera grein fyrir ástæðum þess. Miðað var við að kennsla staðnema færi fram fyrri hluta dags, en sveigjanlegri kennslu fjarnema seinni hluta dags. Einnig væri skyldumæting í tvær staðlotur á önn þar sem fjarnemar og staðnemar hittast. Í erindinu er gerð grein fyrir ferlinu að baki breytingunum, sem hófust vorið 2025 og reynslu af innleiðingu nú í haust. Einnig verður gerð grein fyrir áætlunum um mati á verkefninu og fyrstu niðurstöðum.